



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 14. febrúar 2020

USK2019090048

5.29

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um orkuskipti og fjöldatakmarkanir leigubíla - R19090133

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

Fjöldatakmark er nú á fjölda leigubíla í Reykjavík Flokkur fólksins spyr hvort ástæða sé til að fjölga leigubílum enn frekar?. Nú hefur komið fram að hugsanlega verði leigubílar styrktir til að nýta rafmagnsbíla? Yrði það bundið við einhvern fjölda? Stendur til að leyfa einstaklingum að stunda leiguakstur án þess að vera í samtökum leigubílsstjóra?

Takmarkanir á fjölda leigubíla í Reykjavík eru ekki á forræði sveitarfélagsins. Borgin gæti í sínum innkaupum gert kröfu um að leigubílar sem starfsfólk þarf að nota á kostnað borgarinnar verði alfarið knúnir hreinum orkugjöfum og þannig stuðlað að fjölgun vistvænni leigubíla.

Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, var lagt fram á haustþingi og er nú til umfjöllunar í Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Frumvarpið og nánari upplýsingar er að finna á vef Alþingis. Í frumvarpinu er m.v. lagt til að fjöldatakmarkanir verði afnumdar, skylda til að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð verði afnumin og sömuleiðis ákvæði um takmörkunarsvæði.

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0577.html>

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri